

**Ed.**

**98. Nefndarálit**

[38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. n. telur að nægilegt sé að fresta gildistöku laganna um 6 mánuði, enda yrði rösklega unnið að þeim skipulagsbreytingum á stjórn verðlagsmála, sem gera þarf. Hann mun þó ekki flytja breytingartillögu, því að ljóst er að málið þarf fram að ganga í dag, þar sem ella taka lögin gildi á morgun.

Minni hl. mun ekki torvelda framgang málsins, enda liggur fyrir skýlaus yfirlýsing hæstv. viðskiptaráðherra þess efnis, að þegar verði tekið til hendinni við undirbúning þess, að lögin geti komið til framkvæmda, en framtíðarskipun verðlagsmálanna er meginatriðið. Í trausti þess, að staðið verði við framangreinda yfirlýsingu, mun minni hl. greiða fyrir því, að málið nái fram að ganga í dag, en sitja hjá við lokaafgreiðslu þess.

Alþingi, 15. nóvember 1978.

Ey. Kon. Jónsson,            Jón G. Sólnes.  
frsm.